

Aðalfundur

Skagafjarðarveitna ehf, fyrir árið 2005, haldinn 27. júní 2006 kl. 14:00 að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Skýrsla stjórnar:

Góðir fundarmenn.

Tímamót eru nú upp runnin, kosningar eru afstaðnar. Nýtt fólk kemur til starfa í stjórnarsýslunni, sumir halda áfram að sinna sveitarstjórnarmálum, en aðrir draga sig í hlé. Sigrún Alda hverfur nú af þessu sjónarsviði, hún ætlar því að notfæra sér aðstöðu sína og gera þessa skýrslu persónulegri en þær fyrri skýrslur, sem hún hefur flutt á liðnum aðalfundum.

Það voru haldnir 18 stjórnarfundir á starfsárinu, þar fyrir utan átti veitustjórn fundi með Byggðaráði og sóttar voru ráðstefnur og fundir utan héraðs.

Eins og flestum er kunnugt um hefur verið mikill vöxtur í fyrirtækinu á síðastliðnu kjörtímabili, en ekki er rétt að draga eitt verkefni fram fyrir annað og hampa því sem því merkilegasta sem gert hafi verið. Allt voru þetta brýn og krefjandi verkefni og hefur lánið í flestum tilfellum leikið við okkur.

Þau verkefni sem mest var fjallað um síðastliðið starfsár, var lagning hitaveitunnar í Akrahreppinn. Það var líka ánægjuleg stund þegar hleypt var heitu vatni á Mið-Grund, til þeirra hjóna, Gísla og Ingibjargar, þann 22. desember s.l.

Stjórn veitunnar og hreppsnefnd Akrahrepps unnu ötullega að því að ýta þessu framfaramáli úr vör og er það vel.

Varðandi framkvæmdina sjálfa þá vorum við heppin með verktakana. Rétt er að nefna það að við höfðum nokkrar áhyggjur af því verði sem Steypustöð Skagafjarðar bauð, en verðtilboð þeirra reyndist aðeins vera 54,5% af kostnaðaráætlun.

Fannst okkur það vera mjög lág tala og óttuðumst að þeir bæru skaða af, en engan bilbug er á þeim að finna. Fögnum við því að heimaverktakar fái tækifæri til þess að byggja upp þekkingu og reynslu í þessum framkvæmdum og mun þessi reynsla veita þeim meðbyr í áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækja þeirra.

Þá vill veitustjórn koma á framfæri þökkum til Verkfræðistofunnar Stoð, fyrir mikla og trausta vinnu. Skagafjarðarveitur búa vel að geta leitað til þessara aðila. Það er ljóst að í mörg horn er að líta þegar farið er í útboðsmál. Skagafjarðarveitur fengu á sig kæru vegna útboðs efnis í hitaveituf framkvæmdina í Akrahreppi. Kom síðar í ljós að kæran átti ekki við rök að styðjast.

Þá vík ég að öðru. Ekki ganga öll verk eins og til er ætlast og sannar Kýrholtaborunin þá fullyrðingu. Miklar vonir voru bundnar við nýja bortækni.

Skagafjarðarveitur, ásamt Orkusjóði og fleiri aðilum, riðu á vaðið og væntingar voru um að þessi nýja tækni myndi nýtast síðar, víðs vegar um landið, á svokölluðum köldum svæðum.

Því miður, gekk verkefnið ekki upp og eru nokkrar ástæður fyrir þeirri niðurstöðu, sem ekki verða tíundaðar hér.

Í haust verður enn á ný hafist handa við borun á þessu svæði og það verður því spennandi fyrir nýja veitustjórn að fá niðurstöðuna, að ekki sé nú talað um íbúana sem bíða óþreyjufullir eftir að tengjast nýrri hitaveitu.

Sigrún Alda getur þó ekki látið hjá líða að nefna hér að vonbrigða hefur gætt hjá henni varðandi samskipti Skagafjarðarveitna og Orkusjóðs.

En þá skulum við fara heim að Hólum. Nokkrir fundir starfsársins fjölluðu um verkefni veitunnar og Hólaskóla. Fyrst skal hér nefna frumraun veitunnar í sjóveitugerð, en sjódæling í Verið á Eyrinni tókst vel, og vonum við að það verk eigi eftir að standast þær væntingar, sem til þess eru gerðar. Þá hefur veitan hug á að víkka út þessa starfsemi því í athugun er hvort að rækjuverksmiðjan Dögun geti nýtt sjóveitu fyrir starfsemi sína.

Víkjum þá að nýrri borholu að Reykjum í Hjaltadal. Mikið og heitt vatn fannst, sem nýtist fyrir þéttbýlið á Hólastað, ásamt mikilvægri starfsemi í fiskeldinu á Hólum. Má segja að blaði hafi verið snúið, varðandi heitavatnsmálin, því staða þeirra mála á Hólum var orðin alvarleg og stóð þar allri uppbyggingu fyrir þrifum.

Samningaviðræðu við ríkið um kaup Skagafjarðarveitna á Hitaveitu Hjaltadals lauk farsælega og er rétt að koma hér á framfæri þakklæti til þeirra ráðuneytismanna og fyrrverandi stjórnarmanna Hitaveitu Hjaltadals, sem að málinu komu.

Þá tókst vel til með borun eftir heitu vatni í Hrollleifsdalnum og bíður því mikil vinna veitustjórnarmanna í þeim hitaveitumálum út að austan.

Ákveðið var á síðasta ári að fara í hitaveitu lagningu til nokkurra bæja við Steinsstaðahverfið, og mun því verki væntanlega ljúka nú í sumar.

Stjórn Skagafjarðarveitna leitaði samstarfs við Blönduósbæ, þegar ljóst var að selja átti hitaveitu sveitarfélagsins. Niðurstaðan liggur fyrir, veitan var seld til Rarik.

Í framhaldi af þessu er vert að nefna, að Skagafjarðarveitur ásamt Norðurorku sendu frá sér ályktun þess efnis, að varað er við þeirri þróun sem er að verða í raforkumálum landsmanna með því að steypa saman í eitt fyrirtæki Landsvirkjun og Rarik og hamla með því allri samkeppni.

Marga góða gesti fengum við í heimsókn til okkar á síðasta ári, en dæluhús veitunnar er vinsæll staður, t.d. þegar erlenda gesti ber að garði.

Nokkur umræða varð á stjórnarfundum síðasta árs um Gagnaveitu. Ég vel það hins vegar að tíunda það verkefni ekki meira í þessari skýrslu, það mun eiga pláss í skýrslu þessa starfsárs. Vil ég þó geta þess að stjórnin var mjög samstíga og framsýn í þessum málum, þegar ákveðið var að leggja ljósleiðara með hitaveitulögninni í Akrahreppinn.

Fyrir hönd stjórnarinnar vil ég koma á framfæri sérstökum þökkum til hans Kristjáns Jónassonar hjá KPMG. Kristján er okkur stjórnarmönnum veitunnar ómetanlegur.

Mikil vinna mæddi á honum síðastliðið ár, stundum var fyrirvarinn sem hann fékk mjög skammur og ekki var spurt um hvort dagarnir væru vinnu- eða hvíldardagar. Svör vildum við strax fá við hinum ýmsu vangaveltum sem upp komu í viðfangsefnum okkar.

Það er komið að lokum þessarar skýrslu. Ég er ákaflega ánægð með þá vinnu og góða samstarf sem við höfum átt hér saman í stjórninni. Það hlýtur að teljast fréttæmt, þegar

stjórnarmenn láta hvorn annan vita, og jafnvel prófarka lesa fréttagreinar hvors annars áður en þær eru sendar út. Það er ekki ofsagt, að þannig var starf okkar í stjórninni.

Ég er líka mjög þakklát félögum mínum sem völdu mig til að sinna veitustjórnarstörfum. Ég hef öðlast mikla reynslu og fengið innsýn í málaflokk sem er heillandi. Þeir félagar mínir í stjórninni, Gísli og Einar ásamt Páli veitustjóra hafa sýnt mér bæði tillitssemi og þolinmæði þegar ég hef ekki skilið allt sem um var rætt og kannski get ég talið mér trú um að ég hafi komið með nýtt sjónarhorn inn í umræðuna.

Þetta fer nú að verða væmið hjá mér, en ég vil þó minnast hér á að það var aðeins eitt verkefni sem ég man eftir að reyndi á þolinmæði mína. Reyndar endaði það með því að ég þurfti að byrsta mig við þá féлага, Pál og Árna.

Ég hafði nefnilega í nokkurn tíma gælt við þá hugmynd að nauðsynlegt væri að ná hópmynd af þessum frábæra stafsmanahópi sem vinnur hjá Skagafjarðarveitum og koma þeirri mynd inn á heimasíðuna okkarog það tókst, að lokum.

Ég óska nýrri stjórn Skagafjarðarveitna velfarnaðar í þeim miklu störfum sem bíða þeirra. Næsti formaður stjórnar, Einar Gíslason, býr yfir mikilli reynslu í þessum málaflokki, en ekki síst er það maður sem ég treysti til þess að standa vörð um hagsmuni fyrirtækisins.

Sauðárkróki, 27. júní 2006

Sigrún Alda Sighvats, formaður stjórnar Skagafjarðarveitna ehf.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.